

2. *Gjald dagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, án undangengings dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þótt framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt eftir 2 umræður í sveitarstjórn Djúpavogshrepps 15. janúar 2004.

Djúpavogi, 30. janúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps,

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, varnargarður við Fláajökul.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í að staðsetning á varnargarði við Fláajökul á Mýrum við Hólmsá/Hleypilæk er færð til um 400 m til norðvesturs nær jökuljaðri.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.